

ÁRSSKÝRSLA 2024-2025

- fyrir aðalfund -

Reykjavík 20. febrúar 2025

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

17. aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2025

Haldinn í húsnæði ÖBÍ (Mannréttindahúsinu), Sigtúni 42, Reykjavík, 20. febrúar kl. 20:00

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR

- Skipun fundarstjóra, ritara, og fundarsetning
- Skýrsla stjórnar: Guðmundur Ásgeirsson, formaður
- Reikningar samtakanna: Guðrún Harðardóttir, gjaldkeri
- Tillaga stjórnar um ákvörðun félagsgjalda
- Tillögur um breytingar á samþykktum
- Kosning stjórnarmanna
- Kosning varamanna
- Kosning skoðunarmanna
- Önnur mál

FRÁFARANDI STJÓRN 2024-2025

Aðalstjórn: Guðmundur Ásgeirsson (formaður), Guðrún Bryndís Harðardóttir (gjaldkeri), Sigríður Örlygsdóttir (ritari), Hafþór Ólafsson, (meðstjórnandi).

Varastjórn: Vilhjálmur Bjarnason, Ólöf Pálína Úlfarsdóttir, Björn Kristjánsson Kolbrúnarson, Ragnar Unnarsson, Guðmundur Hrafn Arngrímsson.

Guðmundur Hrafn Arngrímsson steig til hliðar úr aðalstjórn 8. maí 2024 og tók þá sæti varamanns.

Ásthildur Lóa Þórsdóttir sagði sig úr stjórn og þar með frá formennsku 22. desember 2024.

TILLAGA UM FÉLAGSGJÖLD 2025

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna leggur til að félagsgjöld 2025 verði óbreytt, 5.900 krónur.

SKÝRSLA STJÓRNAR 2025

Skýrsla stjórnar sextánda starfsár Hagsmunasamtaka heimilanna, 22. febrúar 2024 til 20. febrúar 2025, fyrir 17. aðalfund samtakanna, 20. febrúar 2025.

Undanfarið ár hefur verið viðburðaríkt í starfi Hagsmunasamtaka heimilanna en hér verður leitast við að gera grein fyrir meginatriðum í starfinu og helstu tíðindum af þeim vettvangi.

Líkt og árin tvö þar á undan hefur síðasta ár einkennst að miklu leyti af erfiðri stöðu efnahagsmála. Umræðan um verðbólgu, háa vexti, húsnæðisskort og síhækkandi húsnæðiskostnað heimilanna hefur verið mjög áberandi í samfélaginu og því eðli máls samkvæmt líka á vettvangi samtakanna.

Frá síðasta aðalfundi sátu í stjórn samtakanna þau: Ásthildur Lóa Þórsdóttir formaður, Guðmundur Ásgeirsson varaformaður, Guðrún Bryndís Harðardóttir gjaldkeri, Sigríður Örylgisdóttir ritari og Guðmundur Hrafn Arngrímsson meðstjórnandi. Varamenn þeirra voru: Hafþór Ólafsson, Vilhjálmur Bjarnason, Ólöf Pálína Úlfarsdóttir, Björn Kristjánsson Kolbrúnarsson og Ragnar Unnarsson. Í maí á síðasta ári steig Guðmundur Hrafn Arngrímsson til hliðar úr sæti aðalmanns og tók sæti varamanns en í hans stað tók Hafþór Ólafsson við sæti aðalmanns og meðstjórnanda. Ásthildur Lóa Þórsdóttir sagði sig svo úr stjórn og þar með frá formennsku í desember. Stjórnin ákvað í kjölfar þess að Guðmundur Ásgeirsson varaformaður myndi gegna hlutverki formanns fram að næsta aðalfundi.

Ásthildur Lóa Þórsdóttir hafði verið formaður Hagsmunasamtaka heimilanna frá því í maí 2017 eða í rúmlega sjö og hálf ári þegar hún var skipuð Mennta- og barnamálaráðherra í nýrri ríkisstjórn Íslands og sagði sig strax í kjölfarið úr stjórn og þar með frá formennsku samtakanna. Ásthildur Lóa hefur leitt starfsemi og baráttu samtakanna lengur en nokkur annar og gert það af slíkum myndarskap að þess verður lengi minnst og seint hægt að þakka nógsamlega fyrir. Stjórn samtakanna óskar Ásthildi Lóu hjartanlega til hamingju með embættið og velfarnaðar í hinu nýja starfi.

Tveir starfsmenn voru á launaskrá samtakanna á síðasta ári í samtals 107% starfshlutfalli: Matthildur Sigurgeirsdóttir skrifstofustjóri og Kristín Eir Helgadóttir ráðgjafi sem nú er í leyfi frá störfum.

Á undanförunu starfsári hefur áframhaldandi uppbygging og þróun á óháðri ráðgjafarþjónustu verið fyrirferðarmikill þáttur í starfinu. Meginmarkmið þeirrar þjónustu er að veita félagsmönnum aðstoð við að standa vörð um hagsmuni sína og leita lausna í málum þeirra. Þessi mál eru fjölbreytt og geta snúist um ýmislegt, allt frá upplýsingagjöf um réttindi og leiðbeiningar um hvert sé hægt að snúa sér til að leita úrlausna um þau, yfir í umfangsmeiri mál sem tengjast erfiðum fjárhagslegum vanda þar sem þörf er á sérstakri ráðgjöf og aðstoð. Oft er um að ræða mál þar sem opinber úrræði hafa hentað illa eða reynst árangurslaus. Með því að byggja á reynslu samtakanna og útsjónarsemi er stundum hægt að finna aðrar og betri leiðir að lausnum. Það hefur sýnt sig að full þörf er á slíkri þjónustu til að grípa þau sem annars myndu falla í gegnum glufur í öðrum úrræðum eða á milli þeirra.

Frá janúar til desember 2024 sinntu samtökin 320 fyrirspurnum og erindum í málum félagsmanna, sem eru þó afar misjafnlega umfangsmikil. Þrír einstaklingar hafa staðið að baki þessari þjónustu við félagsmenn: greiðsluferfiðleikaráðgjafi, skrifstofustjóri og lögfræðingur í sjálfböðavinnu.

Til að standa undir launakostnaði við ráðgjafarþjónustuna hafa samtökin sótt um fjárveitingar frá hinu opinbera. Á síðasta ári samþykkti félags- og vinnumarkaðsráðherra að veita samtökunum rekstrarstyrk til tveggja ára að fjárhæð 4.000.000 króna á ári fyrir árin 2024 og 2025. Einnig fengust 3.000.000 króna á síðasta ári frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu á grundvelli þjónustusamnings um neytendavernd í þágu heimilanna. Sá samningur hefur jafnframt verið framlengdur út árið 2025 og fjárveitingin hækkuð í 6.000.000 kr. Það kemur í hlut næstu stjórnar að tryggja að þeir fjármunir verði nýttir vel og huga að áframhaldandi fjármögnun þjónustunnar. Starfsemi samtakanna er að öðru leyti fjármögnuð með félagsgjöldum og frjálsum framlögum frá almenningi sem geta veitt rétt til skattaafsláttar þar sem samtökin eru skráð á almannaheillaskrá Skattsins.

Stjórnarfundir voru 11 talsins frá síðasta aðalfundi. Stjórn samtakanna sendi frá sér 7 yfirlýsingar og tilkynningar, flestar til að mótmæla hávaxtastefnu og óstjórn í efnahagsmálum. Hópur stjórnarfólks og félagsmanna tók þátt í mótmælum á Austurvelli við þingsetningu síðasta haust sem voru skipulögð af verkalyðshreyfingum. Fyrrverandi formaður skrifaði mikinn fjölda greina í fjölmiðla, kom fram í fjölda viðtala og viðtalsþátta í útvarpi og sjónvarpi ásamt því að beita sér af krafti fyrir málefnum heimilanna í störfum sínum á vettvangi stjórn mála. Þetta vakti athygli enda var fjallað um framgöngu samtakanna eða minnst á þau í fjölmiðlum í að minnsta kosti 91 skipti á starfsárinu.

Á starfsárinu voru 9 umsagnir um ýmis áformuð mál sendar í samráðsgátt stjórnvalda og 24 umsagnir um lagafrumvörp og önnur þingmál sendar til Alþingis. Fulltrúar samtakanna mættu jafnframt sem gestir á þrjá fundi fastanefnda Alþingis til að gera grein fyrir fjórum af þessum umsögnum.

Vaxtamálin hafa verið í brennidepli, ekki síst vegna álitamála um lögmæti lánaskilmála um breytilega vexti. Allnokkur slík mál hafa verið rekin fyrir dómstólum, flest þeirra á vegum Neytendasamtakanna með stuðningi VR en eitt á vegum Neytendastofu og eitt á vegum félagsmanns í Hagsmunasamtökum heimilanna sem naut aðstoðar samtakanna við undirbúning þess. Samtökin sendu frá sér yfirlýsingu í tilefni af ráðgefandi áliti EFTA dómstólsins og vörðu við að ef því yrði ekki fylgt gæti íslenska ríkið orðið bótaskyld. Jafnframt birtu samtökin upplýsingaefni á heimasíðu sinni undir yfirskriftinni “Spurt og svarað um vaxtamálin”. Niðurstöður dómstóla hafa hingað til verið misjafnar og sumar neytendum í óhag en einu slíku máli hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar Íslands og von er á fleirum.

Samtökin ráku eitt stjórnáslumál á starfsárinu en það snerist um aðgang að gögnum starfshóps sem var skipaður af Menningar- og viðskiptaráðherra til að fara í greiningarvinnu í tengslum við ákveðna þætti fasteignalána til neytenda og neytendalána. Með kærnu til úrskurðarnefndar um upplýsingamál tókst loks að fá gögnin afhent og kom þá ýmislegt í ljós sem þarfnast nánari skoðunar við.

Þá má nefna að núna í febrúar vakti skaðabótamál fyrrverandi formanns samtakanna og eiginmanns hennar gegn íslenska ríkinu talsverða athygli og hlaut umfjöllun í fjölmiðlum. Málið snýst um óréttláta málsmeðferð við nauðungarsölu og oftekið fé af verðmæti fasteignar upp í vexti sem máttu teljast fallnir niður vegna fyrningar. Þau hjónin nutu aðstoðar samtakanna í nauðungarsölumálinu og við undirbúning skaðabótamálsins. Búist er við niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í mars.

Hér hefur verið stiklað á því allra stærsta í starfi Hagsmunasamtaka heimilanna frá síðasta aðalfundi en nánari upplýsingar má einnig finna í annál stjórnar sem fylgir með skýrslu þessari.

Guðmundur Ásgeirsson, formaður

ANNÁLL STJÓRNAR 2024-2025

Viðburðir og verkefni

22.02.2024 *Aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2024*

06.03.2024 *Stjórnarfundur HH nr. 3/2024*

27.02.2024 HH senda félagsmönnum fréttabréf - *Hagsmunagæsla félagsmanna og félagsgjald 2024*

03.04.2024 *Stjórnarfundur HH nr. 4/2024*

27.03.2024 Frumvarp um aðför og nauðungarsölu lagt fram á Alþingi þar sem brugðist er við athugasemdum HH

05.04.2024 HH senda frá sér yfirlýsingu - *Leigumarkaðurinn og húsnæðisliður vísitölnnar*

11.04.2024 Hagsmunasamtök heimilanna kynna starfsemi sína fyrir öðrum samtökum í Mannréttindahúsi ÖBÍ

22.04.2024 Þjónustusamningur við Menningar- og viðskiptaráðuneytið um neytendavernd fyrir heimilin undirritaður

22.04.2024 Forsætisráðuneytið vísar til umsagnar HH í minnisblaði um frumvarp um breytingar á stjórnsýslulögum

08.05.2024 Dómsmálaráðuneytið bregst við athugasemdum HH í minnisblaði vegna frumvarps um réttarfarslögjöf

08.05.2024 *Stjórnarfundur HH nr. 5/2024*

27.05.2024 *Stjórnarfundur HH nr. 6/2024*

28.05.2024 HH senda Innviðaráðuneytinu erindi með ósk um að skipa fulltrúa í starfshóp um húsnæðislánakerfið

29.05.2024 HH senda frá sér yfirlýsingu vegna vaxtamála - *Dómsstólar baki ríkinu ekki bótaskyldu*

03.06.2024 Fulltrúi HH veitir viðtal vegna rannsóknar og meistararitgerðar um smálánafyrirtæki

05.06.2024 HH senda frá sér yfirlýsingu um vaxtastuðning til heimilanna - *Vaxtastuðningur dropi í hafið*

19.06.2024 HH birta fræðsluefni um vaxtamálin á heimasíðu sinni - *Spurt og svarað um vaxtamálin*

27.06.2024 HH krefja menningar- og viðskiptaráðuneytið um gögn starfshóps um lán til neytenda

28.06.2024 HH senda frá sér yfirlýsingu - *Við krefjumst tafarlausrar vaxtalækkunar*

14.08.2024 *Stjórnarfundur HH nr. 7/2024*

16.08.2024 Formaður og varaformaður HH funda með fulltrúum Neytendasamtakanna um vaxtamálin

16.08.2024 HH senda úrskurðarnefnd um upplýsingarmál kæru á hendur Menningar- og viðskiptaráðuneytinu

21.08.2024 Fulltrúar HH funda með fulltrúum Virk um ráðgjafarþjónustu samtakanna og hugsanlegt samstarf

22.08.2024 HH senda frá sér yfirlýsingu - *Í stríði gegn heimilunum*

04.09.2024 *Stjórnarfundur HH nr. 8/2024*

10.09.2024 HH taka þátt í mótmælum ASÍ, BSRB og KÍ á Austurvelli vegna stöðu efnahagsmála - *Við mótmælum!*

17.09.2024 Aðalmeðferð í Héraðsdómi Reykjavíkur í vaxtamáli félagsmanns HH gegn Landsbankanum

30.09.2024 HH skila Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu greinargerð um nýtingu styrks

02.10.2024 Menningar- og viðskiptaráðuneytið birtir niðurstöður starfshóps um lán til neytenda eftir þrýsting frá HH

09.10.2024 *Stjórnarfundur HH nr. 9/2024*

15.10.2024 HH ítreka kæru til úrskurðarnefndar um upplýsingamál á hendur Menningar- og viðskiptaráðuneytinu

18.10.2024 Þjónustusamningur við Menningar- og viðskiptaráðuneytið um neytendavernd fyrir heimilin undirritaður

01.11.2024 Menningar- og viðskiptaráðuneytið sendir HH ýmis gögn starfshóps um lán til neytenda

06.11.2024 *Stjórnarfundur HH nr. 10/2024*

- 12.11.2024 Héraðsdómur í vaxtamáli félagsmanns HH gegn Landsbankanum fellur félagsmanninum í hag
- 22.11.2024 HH ítreka kæru til úrskurðarnefndar um upplýsingamál á hendur Menningar- og viðskiptaráðuneytinu
- 25.11.2024 HH senda frá sér yfirlýsingu vegna boðaðra kosninga til Alþingis - *Kjósum með heimilunum!*

04.12.2024 Stjórnarfundur HH nr. 11/2024

- 22.12.2024 Ásthildur Lóa Þórsdóttir segir sig úr stjórn HH og þar með frá formennsku

08.01.2025 Stjórnarfundur HH nr. 1/2025

- 09.01.2025 HH sækja um að gera þjónustusamning við Félagsmálaráðuneytið
- 10.01.2025 HH birta tilkynningu um breytingu á stjórn og fyrirkomulagi á hlutverki formanns fram að aðalfundi
- 28.01.2025 Úrskurðarnefnd um upplýsingamál úrskurðar um kæru HH á hendur Menningar- og viðskiptaráðuneytinu
- 30.01.2025 Landsbankinn áfrýjar héraðsdómi í vaxtamáli félagsmanns HH til Landsréttar
- 30.01.2025 Samkomulag við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um rekstrarstyrk 2025 undirritað

06.02.2025 Stjórnarfundur HH nr. 2/2025

- 06.02.2025 Hagsmunasamtök heimilanna boða til aðalfundar 2025 og senda félagsmönnum fundarboð
- 12.02.2025 Aðalmeðferð í Héraðsdómi Reykjavíkur í skaðabótamáli fyrirverandi formanns HH gegn íslenska ríkinu
- 12.02.2025 HH sækja um styrk hjá Virk í framhaldi af fundi og viðræðum um mögulegt samstarf
- 13.02.2025 Menningar- og viðskiptaráðuneytið lýkur afgreiðslu á beiðni um öll gögn starfshóps um lán til neytenda

20.02.2025 Aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2025

Umsagnir og samráð

- 04.03.2024 Alþingi Meðferð sakamála, meðferð einkamála, gjaldþrotaskipti o.fl. (miðlun og form gagna o.fl. ...)
- 04.03.2024 Samráðsgátt Áform um breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða
- 07.03.2024 Samráðsgátt Ráðstöfun eignarhlutar í Íslandsbanka
- 14.03.2024 Samráðsgátt Drög að frumvarpi til markaðssetningarlaga
- 14.03.2024 Samráðsgátt Frumvarp til laga um breytingu á lögum ... (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða)
- 15.03.2024 Alþingi Slit ógjaldfærra opinberra aðila
- 18.03.2024 Samráðsgátt Breytingar á lögum um Menntasjóð námsmanna (ábyrgðarmenn og námsstyrkir)
- 19.03.2024 Alþingi Samningsviðauki nr. 16 við Mannréttindasáttmála Evrópu (leitun ráðgefandi álit)
- 19.03.2024 Alþingi Innheimtulög (leyfisskylda o.fl.)
- 19.03.2024 Alþingi Vísitala neysliverðs (vísitala neysliverðs án húsnæðis)
- 19.03.2024 Alþingi Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald (rekstrarleyfisskyld gististarfsemi)
- 19.03.2024 Alþingi Húsaleigulög (húsnæðisöryggi og réttarstaða leigjenda)
- 19.03.2024 Alþingi Stjórnsýslulög (ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins)
- 02.04.2024 Alþingi Persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga (fjárhagsupplýsingar um einstaklinga)
- 02.04.2024 Alþingi Eignarréttur og erfð lífeyris (þingsályktunartillaga)
- 17.04.2024 Alþingi Skyldutryggingar lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða)
- 19.04.2024 Alþingi Ráðstöfun eignarhlutar í Íslandsbanka hf.
- 19.04.2024 Alþingi Menntasjóður námsmanna (ábyrgðarmenn og námsstyrkir)

30.04.2024	Alþingi	Tekjuskattur (barnabætur, sérstakur vaxtastuðningur)
10.05.2024	Fundur	Efnahags- og viðskiptanefnd: Ráðstöfun eignarhlutar í Íslandsbanka
10.05.2024	Fundur	Efnahags- og viðskiptanefnd: Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða
10.05.2024	Fundur	Allsherjar- og menntamálanefnd: Menntasjóður námsmanna (ábyrgðarmenn o.fl.)
14.05.2024	Alþingi	Húsnæðisbætur (grunnfjárhæðir og fjöldi heimilismanna)
14.05.2024	Samráðsgátt	Drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til 2030
15.05.2024	Fundur	Velferðarnefnd: Húsaleigulög (húsnæðisöryggi og réttarstaða leigjenda)
05.06.2024	Alþingi	Markaðssetningarlög
06.06.2024	Alþingi	Aðför og nauðungarsala (miðlun og form gagna, notkun fjarfundabúnaðar, birtingar o.fl.)
18.06.2024	Alþingi	Stefna í neytendamálum til ársins 2023
01.07.2024	Samráðsgátt	Áform um heildstæða stefnumótun fullnustumála (Grænbók)
07.10.2024	Alþingi	Vísitala neysluverðs (vísitala neysluverðs án húsnæðis)
07.10.2024	Alþingi	Styrking á réttarúrræðum vegna umhverfismála og réttinum til heilnæms umhverfis
07.10.2024	Alþingi	Skattleysi launatekna undir 450.000 kr. og 450.000 kr. lágmark til framfærslu lífeyrisþega
07.10.2024	Alþingi	Tillaga til þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til ársins 2030
25.10.2024	Alþingi	Húsaleigulög (réttarstaða leigjanda íbúðarhúsnæðis og leigubremsa)
11.11.2024	Alþingi	Vextir og verðtrygging o.fl. (afnám verðtryggingar lána til neytenda)
11.11.2024	Samráðsgátt	Áform um breytingar á lögum um meðferð sakamála og meðferð einkamála
23.01.2025	Samráðsgátt	Verum hagsýn í rekstri ríkisins (hagræðingartillögur)

Fjölmiðlaumfjöllun

28.02.2024	Viðskiptablaðið	Gagnrýni í garð HH í skoðanadálknum Huginn & Muninn
02.03.2024	Viðskiptablaðið	Gagnrýni í garð HH - <i>Ráðherrar styrkja sértrúarsöfnuð um tug milljóna</i>
03.03.2024	Viðskiptablaðið	Gagnrýni í garð HH - <i>Óheppileg skilaboð inn í kjaraviðræður</i>
07.03.2024	Heimildin	Fjallað um fyrirspurn ÁLP til fjármálaráðherra á Alþingi um peningastefnu SÍ
07.03.2024	Mbl.is	Fjallað um fyrirspurn ÁLP til fjármálaráðherra á Alþingi um peningastefnu SÍ
09.03.2024	Vísir - Skoðun	Aðsend grein eftir formenn HH og VR - <i>Nóbelsverðlaunahafi eða Seðlabankinn?</i>
11.03.2024	Miðjan	Vísað í ummæli ÁLP og fjallað um viðhorf fjármálaráðherra til Nóbelsverðlaunahafa
12.03.2024	Heimildin	Fjallað um umsögn HH um fyrirhugaða sölu eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka
18.03.2023	Útvarp Saga	Fjallað um umsögn HH um fyrirhugaða sölu eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka
19.03.2023	RÚV - Spjallinn	ÁLP í samtali um Landsbankann, TM og Bankasölu
27.03.2023	Vísir - Skoðun	Aðsend grein ÁLP - <i>Hver skipaði bankaráði Landsbankans að kaupa TM?</i>
30.03.2023	Miðjan	Fjallað um grein ÁLP - <i>Hver skipaði bankaráði Landsbankans að kaupa TM?</i>
05.04.2023	Mbl.is	Fjallað um yfirlýsingu HH - <i>„Þetta ofbeldi verður að stöðva“</i>
05.04.2023	Nútíminn	Fjallað um yfirlýsingu HH - <i>„Ástandið á leigumarkaðnum er vægast sagt hræðilegt“</i>
05.04.2024	Miðjan	Fjallað um yfirlýsingu HH - <i>Grimmlegt ofbeldi Seðlabankans gegn heimilum landsins</i>
11.04.2024	Mbl.is	Fjallað um ÁLP á Alþingi - <i>Krafðist þess að kaupunum yrði rift</i>

18.04.2024	Vísir - Skoðun	Aðsend grein ÁLP - <i>Af hverju eru kaupin á TM ekki á dagskrá aðalfundar Landsbankans?</i>
18.04.2024	DV - Fréttir	Vitnað í umsögn HH - <i>Stefnir í miklar úrbætur á stöðu leigjenda á Íslandi</i>
02.05.2024	Morgunblaðið	Ráðherra skrifar um aðgerðir í neytendamálum og Hagsmunasamtök heimilanna
05.05.2024	RÚV - Útvarpsfréttir	Vitnað í umsögn HH í hádegisfréttum - <i>Aðeins 90 daga heimagisting í íbúðarhúsum</i>
05.05.2024	RÚV - Vefmiðill	Vitnað í umsögn HH - <i>Engin ný leyfi til reksturs gististaða í íbúðarhúsnæði</i>
27.05.2024	Bylgjan - Bítið	Viðtal við ÁLP um álit EFTA dómstólsins í vaxtamálum - <i>"Þetta er bara glæpur"</i>
27.05.2024	DV - Fréttir	Fjallað um viðtal við ÁLP á Bylgjunni um vaxtamálin - <i>"Ég bara skil þetta ekki"</i>
27.05.2024	Samstöðin	Viðtal við ÁLP - <i>Styður frambjóðanda en viðurkennir álitafnið</i>
29.05.2024	Mannlíf	Fjallað um yfirlýsingu HH - <i>Dómstólar baki ríkinu ekki bótaskyldu</i>
29.05.2024	Mbl.is	Fjallað um yfirlýsingu HH - <i>Dómstólar forði ríkinu frá bótaskyldu</i>
03.06.2024	Fréttatíminn	Fjallað um yfirlýsingu HH - <i>Dómstólar forði ríkinu frá bótaskyldu</i>
05.06.2024	Mbl.is	Fjallað um yfirlýsingu HH - <i>Segja vaxtastuðning í skötulíki</i>
05.06.2024	RÚV - Vefmiðill	Fjallað um yfirlýsingu HH - <i>Tugþúsundir eiga von á vaxtastuðningi</i>
05.06.2024	Útvarp Saga	Fjallað um yfirlýsingu HH - <i>Vaxtastuðningur við heimilin aðeins dropi í hafið</i>
14.06.2024	Viðskiptablaðið	Viðtal við varaformann HH um athugasemdir við birtingar í rafrænu pósthólfi
21.06.2024	Samstöðin	Fjallað um umsögn HH um fyrirhugaða sölu eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka
23.06.2024	Fréttatíminn	Fjallað um umsögn HH um fyrirhugaða sölu eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka
28.06.2024	Mbl.is	Fjallað um kröfu HH um vaxtalækkun - <i>Krefjast tafarlausrar vaxtalækkunar</i>
28.06.2024	DV - Fréttir	Fjallað um kröfu HH um vaxtalækkun - <i>Krefjast vaxtalækkunar tafarlaust</i>
28.06.2024	Útvarp Saga	<i>Hagsmunasamtök heimilanna krefjast tafarlausrar vaxtalækkunar</i>
28.06.2024	Vísir	Fjallað um kröfu HH um vaxtalækkun - <i>Heimta aukafund og „myndarlega“ vaxtalækkun</i>
28.06.2024	Bylgjan - Fréttir	Viðtal við ÁLP í hádegisfréttum vegna kröfu samtakanna um vaxtalækkun
02.07.2024	Bylgjan - Bítið	Viðtal við ÁLP - <i>Seðlabankastjóri í sumarfrí í stað þess að lækka vexti</i>
03.07.2024	Morgunblaðið	Aðsend grein og hvatning til HH og fleiri samtaka - <i>Ráðstefna um húsnæðismál</i>
14.07.2024	Miðjan	Fjallað um ræðu ÁLP á Alþingi um Menntasjóð námsmanna og námslánaskuldir
02.08.2024	Morgunblaðið	Aðsend grein ÁLP - <i>Hinn upplagni stöðugleiki</i>
02.08.2024	Miðjan	Fjallað um Morgunblaðsgrein ÁLP - <i>„Þetta er mannfjandsamlegt þjóðfélag“</i>
14.08.2024	Samstöðin	ÁLP í samtali um húsnæðismál og komandi fjárlög
16.08.2024	Vísir - Skoðun	Aðsend grein eftir formenn HH og VR - <i>Vaxtalækkun eða neyðarlög</i>
19.08.2024	Reykjavík síðdegis	Viðtal við ÁLP - <i>Vill neyðarlög ef stýrivextir lækka ekki á miðvikudag</i>
19.08.2024	Vísir	Fjallað um viðtalið við ÁLP - <i>Vill neyðarlög verði stýrivextir ekki lækkaðir</i>
21.08.2024	Vísir - Skoðun	ÁLP og Inga Sæland - <i>Neyðarástand í boði Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar</i>
22.08.2024	Miðjan	Fjallað um yfirlýsingu HH - <i>Í stríði gegn heimilunum</i>
22.08.2024	Mbl.is	Fjallað um yfirlýsingu HH - <i>Í stríði gegn heimilunum</i>
22.08.2024	Nútíminn	Fjallað um yfirlýsingu HH - <i>Í stríði gegn heimilunum</i>
22.08.2024	Útvarp Saga	Fjallað um yfirlýsingu HH - <i>Í stríði gegn heimilunum</i>
22.08.2024	Útvarp Saga	Viðtal við ÁLP í síðdegisútvarpi um þörf fyrir neyðarlög vegna efnahagsástandsins
22.08.2024	RÚV - Spegillinn	ÁLP í samtali um ummæli fjármálaráðherra - <i>Íslendingar - verðbólguþolin þjóð?</i>
23.08.2024	Bylgjan - Bítið	Viðtal við varamann í stjórn HH - <i>Bendir allt til að þetta sé samsæri gegn þjóðinni</i>
24.08.2024	Útvarp Saga	Fjallað um viðtal ÁLP - <i>Neyðarlög nauðsynleg - Búum í mannfjaldsamlegu samfélagi</i>

25.08.2024	Útvarp Saga	Fjallað um viðtal ÁLP - <i>Gott að hafa sjálfstæðan Seðlabanka en varnaglar nauðsynlegir</i>
25.08.2024	Útvarp Saga	Fjallað um viðtal ÁLP - <i>Stýrivaxtahækkunar Seðlabankans valda miklum skaða</i>
01.09.2024	Viðskiptablaðið	Fjallað um formenn HH og VR - <i>Íslandsmet í lýðskrumi</i>
02.09.2024	Heimildin	Viðtal við ÁLP - <i>Segir séreignasparnaðarúrræðið vera plástur á svöðusár</i>
09.09.2024	Vísir - Skoðun	Aðsend grein eftir formenn HH og VR - <i>Við mótmælum...</i>
09.09.2024	Fréttatíminn	Fjallað um grein formanna HH og VR á Vísi og fyrirhuguð mótmæli á Austurvelli
09.09.2024	DV - Fréttir	Fjallað um grein formanna HH og VR á Vísi og fyrirhuguð mótmæli á Austurvelli
09.09.2024	DV - Fréttir	Fjallað um grein formanns Sameykis á Vísi með vísan til greinar formanna HH og VR
09.09.2024	Útvarp Saga	Viðtal við formenn HH og VR um fyrirhuguð mótmæli á Austurvelli
09.09.2024	Reykjavík síðdegis	Viðtal við ÁLP - <i>Í hrininu voru heimilin snöggsteikt en núna eru þau hægduð</i>
09.09.2024	Stöð 2 - Fréttir	Viðtal við ÁLP í kvöldfréttum um fyrirhuguð mótmæli á Austurvelli og tilefni þeirra
09.09.2024	Vísir	Fjallað um viðtalið við ÁLP - <i>Gætu þurft að taka fram fyrir hendur Seðlabankans</i>
10.09.2024	Útvarp Saga	Viðtal við formenn HH og VR um alvarlega og versnandi stöðu heimilanna
10.09.2024	Vísir - Skoðun	Starfsmaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins gagnrýnir skrif formanna HH og VR
11.09.2024	Vísir	Fjallað um viðbrögð formanns VR við gagnrýni á skrif hans og formanns HH
14.09.2024	RÚV - Víkulokin	Ásthildur Lóa Þórsdóttir tekur þátt í samtali um húsnæðismál o.fl.
14.09.2024	Útvarp Saga	Fjallað um viðtal við formenn HH og VR - <i>Uppkaup leigufélaga á húsnæði...</i>
20.09.2024	DV - Fókus	Fjallað um gagnrýni fyrrverandi formanns Samtaka lánþega á HH í viðtalsþætti
30.09.2024	Vísir - Skoðun	Aðsend grein ÁLP - <i>Blekkingar og gaslýsingar núverandi forsætisráðherra</i>
01.10.2024	Fréttatíminn	Fjallað um aðsenda grein ÁLP á Vísi - <i>Blekkingar og gaslýsingar...</i>
16.10.2024	Bylgjan - Bítið	Ráðherra neytendamála fjallar um HH og stuðning við samtökin í viðtali
29.10.2024	RÚV - Silfrið	Formaður VR og frambjóðandi til Alþingis vísar til baráttu sinnar með HH og ÁLP
14.11.2024	Vísir - Skoðun	Aðsend grein ÁLP um nauðungarsölu á húsi öryrkja - <i>27-faldur hagnaður!?</i>
14.11.2024	DV - Fréttir	Fjallað um aðsenda grein ÁLP á Vísi - <i>27 faldur hagnaður á einbýlishúsi unga öryrkjans</i>
14.11.2024	Reykjavík síðdegis	Viðtal við ÁLP - <i>27-földun fjárfestingar á húsinu sem var selt á slíkk</i>
10.01.2025	Vísir	Frétt um breytingu á stjórn HH og formannsskipti vegna úrsagnar ÁLP
11.02.2025	Vísir	Fjallað um skaðabótamál ÁLP - <i>Ásthildur Lóa berst við ríkið fyrir dómi</i>
11.02.2025	Stöð 2 - Fréttir	Fjallað um skaðabótamál ÁLP - <i>Ráðherra stefnir ríkinu</i>
11.02.2025	Vísir	Fjallað um skaðabótamál ÁLP - <i>„Réttlæti er svakalega dýrt“</i>
12.02.2025	DV - Fréttir	Fjallað um skaðabótamál ÁLP - <i>Mennta- og barnamálaráðherra í mál við ríkið</i>
12.02.2025	Vísir	Fjallað um skaðabótamál ÁLP - <i>„Það er ekki hægt að koma svona fram við fólk“</i>
12.02.2025	Mbl.is	Fjallað um skaðabótamál ÁLP - <i>Var andlega og fjárhagslega búin á því</i>
12.02.2025	RÚV - Vefmiðill	Fjallað um skaðabótamál ÁLP - <i>Ráðherra mætir í dómsal í máli sínu gegn ríkinu</i>
12.02.2025	Stöð 2 - Fréttir	Fjallað um skaðabótamál ÁLP - <i>Vilja fá endurgreitt</i>
12.02.2025	RÚV - Sjónvarp	Fjallað um skaðabótamál ÁLP í tíufréttum - <i>Ásthildur Lóa mætir fyrir dóm</i>

ÁRSREIKNINGUR 2024

- fyrir aðalfund 20. febrúar 2025

Hagsmunasamtök Heimilanna

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Ársreikningur 2024
Hagsmunasamtök heimilanna
kt. 520209-2120

Ársreikningur 2024

Hagsmunasamtök heimilanna

kt. 520209-2120

Efnisyfirlit:

Áritun bókhaldsstofu.....	3
Áritun stjórnar og skoðunarmanna.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6-7
Skýringar.....	8
Sundurliðanir með ársreikningi.....	9-10

Áritun bókhaldsstofu

Til stjórnar í Hagsmunasamtökum heimilanna:

Undirritaður hefur aðstoðað við að semja ársreikning fyrir Hagsmunasamtök heimilanna, vegna ársins 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning ásamt sundurliðun, skýringum sem og samanburð við fyrra ár. Ársreikningurinn er síðan hluti af starfsskýrslu stjórnar til félagsmanna.

Reikningurinn er byggður á bókhaldi samtakanna og öðrum upplýsingum. Ársreikningurinn er í samræmi við lög, samþykktir samtakanna og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Skv. 6. grein samþykta samtakanna er starfsár og reikningsár almanaksárið.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn samtakanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.


Við ársreikningagerðina var leitast við að leiða fram með glöggum hætti rekstur og efnahag samtakanna og við þá vinnu voru framkvæmdar þær skoðanir á bókhaldi og uppgjörum fyrri ára sem talið var nauðsynlegt. Jafnframt var bókhald, staða bankareikninga, uppgjör á ógreiddum kostnaði og launatengdum gjöldum skoðað í byrjun árs 2025 og stemmt af, til að sannreyna áramótastöður ársreikningsins.

Vísað er í skýringar og sundurliðanir varðandi einstaka liði uppgjörins.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og ég tel skipta máli koma þar fram.

Akureyri, 10. febrúar 2025,

Jón bókari slf., bókhaldsþjónusta,




Jón Helgi Óskarsson,
viðurkenndur bókari.

Áritun stjórnar og skoðunarmanna

Undirritun stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna

Undir lok árs 2024 urðu þær breytingar á stjórn að Ásthildur Lóa Þórsdóttir sagði sig úr stjórninni eftir að hún var skipuð Mennta- og barnamálaráðherra. Við formennsku fram að aðalfundi tók Guðmundur Ásgeirsson. Sömuleiðis tók Hafþór Ólafsson við af Guðmundi Hrafn Arngrímssyni á starfsárinu sem meðstjórnandi. Starfsár stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna, var frá aðalfundi 22. febrúar 2024 til og með 20. febrúar 2025. Vísað er til skýrslu stjórnar um liðið starfsár, sem fylgir með ársreikningi þessum til aðalfundar. Núverandi stjórnarmenn Hagsmunasamtaka heimilanna, staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2024, með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. febrúar 2025,
í stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna fram að aðalfundi 2025:




Guðmundur Ásgeirsson,
fomaður,



Guðrún Bryndís Harðardóttir,
gjaldkeri,



Sigríður Örlygsdóttir,
ritari,



Hafþór Ólafsson,
meðstjórnandi.

Undirritun kjörinna skoðunarmanna Hagsmunasamtaka heimilanna

Skoðunarmenn Hagsmunasamtaka heimilanna, kjörnir á aðalfundi 22. febrúar 2024, undirrita hér með án athugasemda ársreikning samtakanna fyrir rekstrarárið 2024.

Reykjavík, 10. febrúar 2025,



Sigríður Gerður Hallgrímsdóttir,
skoðunarmaður,



Baldur Garðarsson,
skoðunarmaður.

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2024	2023
Tekjur:			
Félagsgjöld	7	9.806.700	8.619.100
Framlög og styrkir	8	7.005.000	6.024.000
Sérstök fjáröflun	9	45.000	80.700
Málskostnaðarstyrkir	10	36.000	38.000
Tekjur af útseldri þjónustu	11	0	0
		<u>16.892.700</u>	<u>14.761.800</u>
Gjöld:			
Aðkeypt vinna til endursölu	13	0	0
Þjónustugjöld banka og kortafyrirtækis vegna fjáröflunar		620	10.198
Bankakostnaður v/innheimtu félagsgjalda		446.488	624.159
Laun og launatengd gjöld	6/17	13.305.460	15.822.324
Málskostnaðarstyrkir (veittir)	16	0	0
Lögfræðikostnaður	18	0	0
Málskostnaður / dæmdur málskostnaður		0	0
Þýðingar		0	0
Auglýsingar		0	0
Húsaleiga og húsnæðiskostnaður		1.288.416	1.237.726
Árgjöld til samstarfsfélaga	15	30.000	30.000
Annar rekstrarkostnaður	19	960.229	2.540.979
		<u>16.031.213</u>	<u>20.265.386</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur		1.456.064	1.125.049
Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld	20	(6.763)	(36.197)
		<u>1.449.301</u>	<u>1.088.852</u>
Skattar- og gjöld:			
Álagður fjármagnstekjuskattur v/vaxta fyrra árs	5	0	(95.529)
Rekstrarafgangur (tap) ársins		<u>2.310.788</u>	<u>(4.510.263)</u>

Efnahagsreikningur

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Fastafjármunir:			
		<u>0</u>	<u>0</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		<u>0</u>	<u>0</u>
Fastafjármunir og áhættufjármunir alls		<u>0</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir:			
Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur	5	0	39.923
Útistandandi kröfur og aðrar skammtímakröfur	3/5	39.913	0
Bankainnstæður í lok uppgjörstímabils	4/21	18.691.322	16.945.785
Veltufjármunir alls		<u>18.731.235</u>	<u>16.985.708</u>
Eignir samtals		<u>18.731.235</u>	<u>16.985.708</u>

pr. 31. desember

	Skýr.	2024	2023
Skuldir og handbært fé			
Handbært fé:			
Óráðstafað handbært fé félagssjóðs		18.289.735	9.291.027
Óráðstafað handbært fé málskostnaðarsjóðs	4	0	939.284
Óráðstafað handbært fé fjáröflunarsjóðs	4	0	5.748.636
Óráðstafað handbært fé alls		<u>18.289.735</u>	<u>15.978.947</u>
Skammtímaskuldir:			
Ógreiddur kostnaður		255.746	412.385
Ógreidd laun og launatengd gjöld	6/17	185.754	594.376
Skammtímaskuldir alls		<u>441.500</u>	<u>1.006.761</u>
Skuldir alls		<u>441.500</u>	<u>1.006.761</u>
Skuldir og óráðstafað handbært fé samtals		<u><u>18.731.235</u></u>	<u><u>16.985.708</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðgerðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Einstakir liðir rekstrar og efnahags eru sundurliðaðir hér fyrir aftan en aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir:

Fastafjármunir og áhættufjármunir

2. Hagsmunasamtökin eiga hvorki fastafjármunir né neina áhættufjármuni

Skammtímakröfur

3. Meðal skammtímakrafna í árslok er að finna kröfu vegna ofgreiðslu fjármagnstekjuskatts. (sjá skýringu nr. 5)

Handbært fé

4. Greining á handbæru fé: Heildar óráðstafað handbært fé í árslok 2024 nemur kr. 18.289.735.

	Óráðstafað handbært fé	Samanburður við fyrra ár
Óráðstafað handbært fé, yfirfært f.f. ári	15.978.947	20.489.210
Rekstrarafgangur (tap) ársins	2.310.788	-4.510.263
	<u>18.289.735</u>	<u>15.978.947</u>

Þar af greinist fjáröflunarreikningur með eftirfandi hætti

	Sundurliðun	Árið 2023
Staða fjáröflunar, yfirfærð frá fyrra ári	5.336.112	6.363.801
Framlag til félagssjóðs	0	-1.500.000
Innborganir frá styrktaraðilum	45.000	80.700
Bankakostnaður v.innheimtu	-620	-10.198
Aðkeypt bókhalds- og skrifstofuvinna	0	0
Dæmdur málskostnaður	0	0
Innvextir	368.144	417.313
Greiddur fjármagnstekjuskattur	0	-15.504
	<u>5.748.636</u>	<u>5.336.112</u>
Annað óuppert við félagssjóð	0	0
Óráðstafað fé fjáröflunarsjóðs:	<u>5.748.636</u>	<u>5.336.112</u>

Þar af greinist málskostnaðarsjóður með eftirfarandi hætti:

	Sundurliðun	Árið 2023
Málskostnaðarsjóður, yfirfært frá fyrra ári	831.572	751.028
Framlag úr félagssjóði	0	0
Innborgaðir styrkir	36.000	38.000
Endurgreidd skuld við félagssjóð f.f.ári	0	-4.900
Innvextir bankareiknings	71.712	49.238
Greiddur fjármagnstekjuskattur	0	-1.794
Greiddur lögfræðikostnaður	0	0
Staða málskostnaðarsjóðs skv. banka í árslok:	<u>939.284</u>	<u>831.572</u>
Annað óuppert við félagssjóð	0	0
Óráðstafað fé málskostnaðarsjóðs:	<u>939.284</u>	<u>831.572</u>

Skattamál

5. Í árslok nam ofgreiðsla fjármagnstekjuskatts kr. 39.913, sú fjárhæð kom til endurgreiðslu í byrjun árs 2025. Almannaheillafélög eru undanþegin greiðslu fjármagnstekjuskatts

Starfsmannamál

6. Árið 2024 voru tveir starfsmenn á launaskrá hjá samtökunum, þó ekki allt árið. Samtals fjöldi greiddra vinnustunda á árinu jafngildi 1,07 stöðugildi (1,53 árið áður). Stjórnarstörf eru ólaunuð samanber 9. grein samþykta samtakanna. Um laun og launatengd gjöld vísast að öðru leyti til sundurliðana með ársreikningi.

Sundurliðanir með ársreikningi

	Skýr.	2024	2023
7. Félagsgjöld:			
Félagsgjöld, 2024 @5.900 (1609 greiðslur)		9.493.100	0
Félagsgjöld, 2023 @4.900 (56+1688 greiðslur) alls 1.744		274.400	8.271.200
Félagsgjöld, 2022 @4.900 (8+66+1694+1 greiðslur) alls 1.769		39.200	323.400
Félagsgjöld, 2021 @4.900 (5/59/1825 greiðslur) alls 1.889		0	24.500
Endurgreidd og afskrifuð félagsgjöld		0	0
Félagsgjöld alls:		9.806.700	8.619.100
8. Framlög og styrkir:			
Framlög frá einstaklingum		5.000	24.000
Framlög frá ríkissjóði		7.000.000	6.000.000
Framlög frá sveitarfélögum		0	0
Framlög frá stéttarfélögum		0	0
Framlög frá öðrum aðilum (lögáðilum)		0	0
Framlög og styrkir alls:		7.005.000	6.024.000
9. Sérstök fjáröflun (bakhjarlar HH):			
Fjáröflun frá einstaklingum		45.000	80.700
Fjáröflun frá lögáðilum		0	0
Fjáröflun með boðgreiðslum		0	0
Fjáröflun alls:	4	45.000	80.700
10. Málskostnaðarstyrkir:			
Málskostnaðarstyrkir frá einstaklingum		36.000	38.000
Málskostnaðarstyrkir frá öðrum		0	0
Málskostnaðarstyrkir alls:	4	36.000	38.000
11. Tekjur af útseldri þjónustu:			
Þjónustutekjur vegna endurútreikninga		0	0
Tekjur af útseldri þjónustu alls:		0	0
12. Aðrar tekjur:			
Niðurfelldar eldri skuldir við lánardrottna		0	0
Aðrar tekjur alls:		0	0
13. Aðkeypt vinna til endursölu:			
Aðkeypt vinna án vsk		0	0
Aðkeypt vinna til endursölu alls:		0	0
14. Aðkeypt vinna vegna fjáröflun:			
Aðkeypt vinna við fjáröflun án vsk		0	0
Aðkeypt bókhaldsvinna við fjáröflun v/fyrri árs		0	0
Aðkeypt bókhaldsvinna við fjáröflun		0	0
Aðkeypt vinna við fjáröflun alls:		0	0
15. Árgjöld til samstarfsaðila:			
Árgjald til EAPN		30.000	30.000
Árgjöld til samstarfsaðila alls:		30.000	30.000
16. Málskostnaðarstyrkir vegna félagsmanna:			
Styrkir út fjáröflunarsjóði til félagsmanna:		0	0
Styrkir úr fjáröflunarsjóði alls:		0	0

Sundurliðanir með ársreikningi

	Skýr.	2024	2023
17. Laun og launatengd gjöld:			
Laun		10.708.847	12.928.404
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður		2.596.613	2.893.920
Laun og launatengd gjöld alls:	6	13.305.460	15.822.324
18. Lögfræðikostnaður:			
Lögfræðikostnaður greiddur úr málskostnaðarsjóði		0	0
Lögfræðikostnaður greiddur úr félagssjóði		0	0
Lögfræðikostnaður ógreiddur í árslok		0	0
Lögfræðikostnaður greiddur úr fjáröflunarsjóði		0	0
Lögfræðikostnaður alls:		0	0
19. Annar rekstrarkostnaður:			
Gjaldfærð áhöld og tæki		114.990	251.481
Viðhald tækja og hugbúnaðar		23.181	0
Aðkeyptur akstur og annar bifreiðakostnaður		0	0
Símakostnaður		34.961	33.839
Burðargjöld		0	0
Pappír, prentun og ritföng		18.028	45.175
Ferðakostnaður		0	0
Þjónusta og rekstur tölvukerfis og heimasíðu		92.142	98.006
Neytendatorg, vinna við hönnun vefsíðu		96.642	348.244
Bókhaldsaðstoð, reikningsskil og uppgjör		510.450	430.400
Fundir og félagsstarf, þ.m.t. fréttabréf		69.835	1.333.834
Félagsstarf og annar rekstrarkostnaður alls:		960.229	2.540.979
20. Vextir og fjármagnsgjöld:			
Ýmis vaxtagjöld		(4.453)	(33.747)
Þjónustugjöld banka og greiðslukorta		(2.310)	(2.450)
Vextir og önnur fjármagnsgjöld alls:		(6.763)	(36.197)
21. Handbært fé:			
Bankareikningar félagssjóðs hjá Sparisjóði S-Þingeyinga		12.003.402	10.778.101
Fjáröflunarreikningar hjá Sparisjóði S-Þingeyinga	4	5.748.636	5.336.112
Málskostnaðarreikningur hjá Sparisjóði S-Þingeyinga	4	939.284	831.572
Handbært fé alls:		18.691.322	16.945.785

SAMÞYKKTIR

- fyrir aðalfund 20. febrúar 2025

Hagsmunasamtök Heimilanna

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Eftirfarandi samþykktir voru samþykktar með breytingum á aðalfundi Hagsmunasamtaka heimilanna 27. apríl. 2010, 31. maí 2012, 15. maí 2014, 21. maí 2015, 30. maí 2017, 20. febrúar 2018, 25. febrúar 2020, 23. febrúar 2021, 23. febrúar 2022 og 23. febrúar 2023. Þær eiga uppruna sinn að rekja til stofnsamþykktta samtakanna frá 15. janúar 2009 með þeim breytingum sem samþykktar voru á aðalfundi 2009.

1. gr. Heiti, varnarþing og félagssvæði

- Samtökin heita Hagsmunasamtök heimilanna fta., skammstafað HH.
- Heimili samtakanna, skrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.
- Félagssvæði samtakanna nær til alls landsins.
- Samtökin starfa samkvæmt lögum nr. 110/2021 um félög til almannaheilla.

2. gr. Forsendur

- Samtökin eru frjáls og óháð stjórn málaflokkum og öðrum hagsmunaaðilum.
- Samtökin starfa á lýðræðislegum grunni með það að leiðarljósi að félagar hafi jafnan rétt til áhrifa.
- Þar sem ákvæði þessara samþykkt segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

3. gr. Tilgangur

- Samtökin eru vettvangur fyrir fólkið í landinu til að verja og bæta hagsmuni heimilanna í landinu.
- Samtökin eru málsvari og talsmaður félagsmanna í umræðu um hagsmuni heimilanna til skemmri og lengri tíma.
- Samtökin koma fram fyrir hönd félagsmanna og neytenda á fjármálamarkaði í hverskyns hagsmunamálum, svo sem varðandi löggjöf, framkvæmd hennar og í dómsmálum eða hverjum öðrum málferlum er snerta réttindi þeirra.

4. gr. Markmið

- Markmið samtakanna er að beita sér fyrir lagabreytingum og / eða lagasetningum til varnar og hagsbóta fyrir heimilin í landinu.
- Markmið samtakanna er að stuðla að leiðréttingu veðlána heimilanna vegna brota gegn réttindum neytenda eða forsendubrests, jafna ábyrgð milli lántaka og lánveitenda, bæta réttarstöðu neytenda í lánaviðskiptum og stuðla að réttlátum og sanngjörnum lánskjörum fyrir neytendur.
- Markmið samtakanna er að efla vitund neytenda um réttarstöðu sína og samtakamátt.
- Samtökin vinna að tilgangi sínum og markmiðum eftir öllum lögmætum leiðum og með réttmætum samtakamætti. Í því skyni geta samtökin höfðað dómsmál eða leitað annarra réttarúrræða til að vernda heildarhagsmuni neytenda og stutt neytendur í fordæmisgefandi málum.
- Samtökin geta unnið að tilgangi sínum og markmiðum með aðild að og þátttöku í starfsemi félagasambanda sem hafa samrýmanlegan tilgang og markmið.

5. gr. Aðild og úrsögn

- Aðild að samtökunum er einstaklingsbundin og miðast við að lágmarki 18 ára aldur.
- Umsókn um aðild skal vera skrifleg, til dæmis með rafrænni skráningu á heimasíðu samtakanna, fyllt út á félagsfundi og/eða með öðrum skriflegum sannanlegum hætti. Sama á við um úrsögn úr samtökunum.

6. gr. Aðalfundur

- Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið.
- Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfundur skal halda fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir félagsmenn samtakanna. Boða skal til aðalfundar með tölvupósti og opinberri tilkynningu á heimasíðu samtakanna, www.heimilin.is, með minnst 14 daga fyrirvara. Fundargögn skulu vera aðgengileg félagsmönnum minnst 3 dögum fyrir fund. Stjórn er heimilt að verða við óskum félagsmanna um fundarboðun með pósti greiði viðkomandi félagsmaður sendingarkostnað sem hlýst af fundarboðun.
- Framboð til stjórnar skal berast eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Hafi ekki borist nægur fjöldi framboða innan þess frests skal fundarstjóri óska eftir framboðum á aðalfundi.
- Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:
 1. Skýrsla stjórnar
 2. Reikningar félagsins
 3. Lagabreytingar
 4. Kosning stjórnar
 5. Kosning varamanna
 6. Kosning skoðunarmanna
 7. Önnur mál
- Aðalfundur telst löglegur sé rétt til hans boðað. Stjórn er heimilt að bjóða öðrum áheyrn með fundarsetu.
- Á aðalfundi skal stjórn gefa skýrslu ársins um starf og árangur samtakanna.
- Ársreikning skal staðfesta með áritun meirihluta aðalstjórnar að minnsta kosti. Formaður og gjaldkeri skulu ávallt staðfesta ársreikning með áritun sinni. Ársreikning skal leggja fyrir á aðalfundi.
- Heimilt er að halda fundi með rafrænum hætti. Þá er heimilt að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti.
- Stjórn er heimilt að boða til aukaaðalfundar ef fyrir liggja brýn málefni sem ekki geta beðið reglulegs aðalfundar, eða ef 20% félagsmanna fara fram á slíka boðun með tillögu um dagskrá.

7. gr. Almennir félagsfundir og vinnufundir

- Félagsfundir skulu haldnir svo oft sem stjórn samtakanna telur ástæðu til. Boða skal til félagsfundar með að lágmarki þriggja daga fyrirvara.
- Stjórn skal ætíð boða til félagsfundar innan 14 daga komi fram ósk um það frá meirihluta stjórnarmanna eða 20% félagsmanna.
- Vinnufundir skulu kynntir á heimasíðu félagsins.

8. gr. Afgreiðsla mála

- Á aðalfundum og öðrum félagsfundum ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða nema annað sé tekið fram í samþykktum þessum. Komi fram ósk um skriflega atkvæðagreiðslu skal orðið við því.
- Heimilt er að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti. Þá er heimilt að hafa opið fyrir atkvæðagreiðslu í allt að þrjú daga frá lokum fundar.
- Heimilt er stjórn að efna til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um málefni án þess að fyrst

hafi verið boðað til fundar nema samþykktir kveði á um annað.

9. gr. Stjórn

- Stjórn samtakanna skal skipuð 5 aðalmönnum og 3-5 til vara, sem kosnir skulu á aðalfundi samtakanna. Stjórnin kýs sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera á fyrsta stjórnarfundum að loknum aðalfundi. Firma félagsins ritar meirihluti stjórnar.
- Stjórnarstörf eru ólaunuð, en heimilt er að greiða fyrir útlagðan kostnað vegna rekstrar samtakanna. Þrátt fyrir það getur stjórnarmaður til jafns við aðra gefið kost á sér til verkefna, sem stjórn ákveður að stofna til og kaupa þjónustu fyrir gegn eðlilegu og sanngjörnu endurgjaldi, enda hafi atkvæði hans ekki ráðið úrslitum um þá ákvörðun. Skal hann þá jafnframt víkja sæti við allar frekari ákvarðanir stjórnar um verkefnið. Gera skal skriflegan þjónustusamning um hvert verkefni, sem innihaldi skýra verklýsingu og upplýsingar um alla kostnaðarskiptingu verkefnisins milli verkkaupa og verksala.
- Stjórnin skal koma saman til fundar að minnsta kosti mánaðarlega og skal hún halda fundargerðir. Að öðru leyti kveður stjórnarmaður stjórnina til fundar, þegar honum þykir þörf og skylt er honum að boða til fundar í stjórninni þegar tveir stjórnarmenn óska þess.
- Stjórnarmenn skulu boða forföll, komist þeir ekki á stjórnarfund. Nú sækir aðalmaður ekki stjórnarfundum um tveggja mánaða skeið. Fyrirgerir hann sér þá sæti sínu í stjórn, nema um lögmæta ástæðu sé að ræða, tekur sæti síðasta manns í varastjórn og fyrsti varamaður tekur sæti í stjórn í hans stað.

10. gr. Verkefni stjórnar

- Stjórn samtakanna fer með æðsta vald í málefnum þeirra milli aðalfunda. Hún undirbýr aðalfund og aðra félagsfundum. Formaður boðar til stjórnarfundum með sannanlegum hætti. Stjórnarfundir eru lögmætir ef 4 eða fleiri stjórnarmenn eða varamenn þeirra eru mættir.
- Við afgreiðslu mála á stjórnarfundum fer hver stjórnarmaður með eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns fundarins. Varamaður hefur aðeins tillögurétt á stjórnarfundum nema hann leysi af stjórnarmann.
- Stjórn semur stefnuskrá hvers starfsárs. Stjórn skal hafa yfirumsjón með daglegri starfsemi samtakanna eða ræður sérstakan aðila til þess og til sértækra verkefna.
- Stjórn setur nefndum samtakanna reglur þar sem fram kemur hlutverk nefndanna.
- Fastráðnir starfsmenn samtakanna skulu ekki samhliða gegna trúnaðarstörfum fyrir stjórnsmálasamtök.
- Í samþykktum þessum eru stjórnsmálasamtök skilgreind sem flokkar eða samtök sem bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna. Trúnaðarstörf fyrir stjórnsmálasamtök eru störf í stjórnnum, ráðum og nefndum og önnur sambærileg störf á vegum eða í þágu stjórnsmálasamtaka. Formlegir talsmenn stjórnsmálasamtaka, frambjóðendur þeirra, starfsmenn og kjörnir fulltrúar teljast einnig gegna trúnaðarstörfum fyrir stjórnsmálasamtök.

11. gr. Staðbundnar deildir og nefndir

- Félagsmönnum er heimilt að stofna staðbundnar deildir sem starfa sjálfstætt á ákveðnum svæðum landsins, en þó eftir samþykktum og stefnuskrá samtakanna.
- Innan samtakanna starfa málefna nefndir sem annast upplýsingaöflun, greiningu, úrvinnslu og málefnauppbyggingu einstakra málefna samkvæmt stefnuskrá.
- Stjórn skipar formenn nefnda.

- Stjórn hefur heimild til að skipta út formönnum nefnda ef þurfa þykir.
- Aðeins félagsmenn geta verið nefndarmenn. Nefndarmönnum er þó heimilt að leita sér sérfræðiaðstoðar og álits utan samtakanna.
- Nefndarstörf eru ólaunuð.

12. gr. Fjármál

- Stjórn ber fram tillögur um félagsgjöld til samþykktar á aðalfundi. Félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins nema með félagsgjaldi sínu.
- Gjaldkera er heimilt með fyrirfram samþykki stjórnar að endurgreiða stjórnarmönnum eða nefndarmönnum sannanlega útlagðan kostnað vegna sérstakra verkefna í þágu félagsins.
- Stjórn er heimilt að stofna til kostnaðar innan fjárhagsramma samtakanna vegna daglegs reksturs, fundahalda og aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar.
- Samtökunum er heimilt að taka við frjálsum fjárframlögum frá öðrum en stjórnaráflokki / hreyfingum og fjármálastofnunum. Fjárframlög veita fjárveitanda ekki rétt til ítaka eða áhrifa í samtökunum. Samtökunum er heimilt að sækja um styrki í opinbera sjóði.
- Berist samtökunum frjáls fjárframlög er stjórn heimilt, innan fjárframlaga, að stofna til kostnaðar vegna húsnæðisleigu vegna aðalfunda og almennra félagsfunda og aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar, þjónustu eða vöru.
- Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn úr hópi félagsmanna.

13. gr. Breytingar

- Samþykktum þessum verður ekki breytt nema breytingatillaga hafi verið rædd á aðalfundi og að minnsta kosti 2/3 fundarmanna séu samþykki tillögunni. Fyrirhuguð breyting skal kynnt í fundarboði og liggja fyrir í fundargögnum.

14. gr. Slit

- Samtökunum verður aðeins slitið með samþykki eftir umræðu á löglega boðuðum aðalfundi.
- Geta skal sérstaklega tillögu um félagsslit í fundarboði. Tillagan telst samþykkt, ef 2/3 hlutar fullgildra félagsmanna eru á aðalfundi og 2/3 fundarmanna greiða tillögunni atkvæði sitt. Ef ekki eru nægilega margir félagsmenn á fundinum, skal boða til aukaaðalfundar innan mánaðar. Við boðun þess fundar skal þess sérstaklega getið, að fyrir fundinum muni liggja tillaga um félagsslit. Á aukaaðalfundi þarf tillagan stuðning 4/5 hluta atkvæðisbærra mætttra félaga til að hljóta samþykki óháð mætingu.
- Heimilt er að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti.
- Verði samtökunum slitið, skal eignum þeirra ráðstafað til almannaheillafélags eða -félaga sem starfa að neytendamálum eða til stuðnings við fólk í fjárhagserfiðleikum. Með almannaheillafélögum er átt við lögaðila sem uppfylla skilyrði skráningar á almannaheillaskrá samkvæmt lögum um tekjuskatt eða almannaheillafélagaskrá samkvæmt lögum um félög til almannaheilla.

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins í Reykjavík, 23. febrúar 2023.

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR 2025

Framboð til aðalstjórnar:

- Guðmundur Ásgeirsson
- Guðrún Bryndís Harðardóttir
- Guðrún Hulda Ólafsdóttir
- Jónas Yngvi Ásgrímsson
- Sigríður Örlygsdóttir

Framboð til varastjórnar:

- Hafþór Ólafsson
- Ólöf Pálína Úlfarsdóttir
- Ragnar Unnarsson
- Úlfhildur Elín Guðmundsdóttir

TILNEFNING SKOÐUNARMANNA

Tveir félagsmenn hafa gefið kost á sér til að vera skoðunarmenn reikninga:

- Baldur Garðarsson
- Sigríð Gerður Hallgrímsdóttir

